

Nd.

298. Frumvarp til laga

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1982, um málefni aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr. 2. tl. laganna:

1. Í stað „kr. 300“ í 2. ml. komi: kr. 460.
2. Í stað „kr. 60 000“ í 3. ml. komi: kr. 92 400.

2. gr.

12. gr. 3. tl. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunardeildum og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi af mörkuðum tekjustofnum sjóðsins og nemur þeirri fjárhæð sem sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.